

Samkvæmt þessum úrslitum ber eiganda Flautagerðis að greiða allan þann kostnað sem mál þetta hefir haft í för með sér. Það er:

Til sýslumanns	kr.	69.50
— Sveins Benediktssonar	—	40.00
— Þorsteins Stefánssonar	—	40.00

Kr. 149.50

Að öðru leyti þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 29. apríl 1935.

Nr. 110/1934. Sigurbjörg Jónsdóttir

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Indriða Gottsveinssyni

(Th. B. Lindal).

Frávisunardómur felldur úr gildi og máli vísað til efnisdóms.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. dez. 1933: Máli þessu vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, Sigurbjörg Jónsdóttir, höfðaði mál þetta í héraði gegn stefnda Indriða Gottsveinssyni, út af því að hann hafði um mánaðarmótin júní og júlí 1932 látið leggja gaspípur í óleyfi yfir lóð hennar Óðinsgötu 13 inn í hús sitt Óðinsgötu 15, og krafðist hún þess fyrir undirréttinum, að stefndi yrði dæmdur til þess að taka gaspípurnar úr lóð hennar, greiða henni hæfilegar bætur fyrir skemmdir á lóðinni eftir mati óvilhallra manna og

200 krónur að auki fyrir óþægindi þau, er aðfarir stefnda hefðu bakað henni. Stefndi krafðist hinsvegar sýknu fyrir undirréttinum, byggt á því, að hann sé ekki réttur sakaraðili í málinu, heldur gasstöð Reykjavíkur, er sé eigandi að gaspípunum og hafi ráðið því, að þær voru lagðar yfir lóð áfrýjanda. Fékk málið þau úrslit í bæjarþingi Reykjavíkur 21. dez. 1933, að því var ex officio vísað frá undirréttinum og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu dags. 20. júní f. á. og hefir málið eftir ósk beggja málsaðilja verið flutt skriflega fyrir hæstarétti að fengnu samþykki réttarins.

Áfrýjandi hefir krafizt þess fyrir hæstarétti, að hinn áfrýjaði dómur verði felldur úr gildi, og að lagt verði fyrir héraðsdómarann að taka málið fyrir að nýju og leggja á það efnisdóm. Svo hefir hún og krafizt málskostnaðar fyrir hæstarétti. Stefndi hefir hinsvegar krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar í hæstarétti.

Héraðsdómariinn hefir byggt frávisunina á því, að eins og málið lá fyrir honum hafi ekki verið unnt með vissu að skera úr því, hver ábyrgðina beri á því, að gaspípunar voru lagðar yfir lóð áfrýjanda og að rétt hefði verið að stefna gasstöðinni, eða þeim sem beri ábyrgð á henni, inn í málið til þess að gæta réttar síns. En þetta verður ekki talin réttmæt frávisunarástæða. Áfrýjandi gerði engar kröfur á hendur gasstöðinni, en höfðaði málið til þess að fá úr því einu skorið hvort stefndi bæri ábyrgð á því, að gaspípunar voru í óleyfi lagðar yfir lóð hennar og eftir því sem fyrir lá átti áfrýjandi rétt á að fá dóm að efni til um þetta. Héraðs-

dómarann brast því heimild til að vísa málinu frá bæjarþinginu af fyrgreindri ástæðu, og með því enn fremur, að engir formgallar voru að öðru leyti á meðferð málsins í héraði, er varðað geta frávisun þess, þá ber samkvæmt kröfu áfrýjanda að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómarann að taka málið fyrir af nýju og leggja dóm á það að efni til.

Eftir þessum úrslitum þykir verða að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í hæstarétti, er ákveðst 150 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur er úr gildi felldur og ber héraðsdómaranum að taka málið fyrir af nýju og leggja dóm á það að efni til.

Stefndi, Indriði Gottsveinsson, greiði áfrýjanda, Sigurbjörgu Jónsdóttur, 150 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Málavexti í máli þessu kveður stefnandi Sigurbjörg Jónsdóttir, Óðinsgötu 13 hér í bæ, þá, að stefndur Indriði Gottsveinsson, Óðinsgötu 15 hér í bænum, hafi um mánaðarmótin júní og júlí s. l. látið leggja gasleiðslur inn í nefnt hús sitt (Óðinsgötu 15) frá aðalleiðslunni í þeirri götu. Kveður stefnanda þannig haga til þarna við götuna, að húsinu nr. 15, sem snúi gaflinum að lóð hennar nr. 13, fylgi stór lóð, sem náí alveg fram að götunni. Nú hefir stefndur í stað þess að leggja gaspípurnar yfir sína eigin lóð eins og sjálfsagt hafi verið, látið grafa lóðina nr. 13 upp með sprengingum og leggja síðan pípurnar í hana. Hafi hann með þessu valdið skemmdum á steinsteypastétt, sem á lóð-

inni hafi verið. Þá hafi lóðin áður en verk þetta var framkvæmt verið þrífleg og ofaniborin með muldum salla, enda hafi hún verið notuð sem leikvöllur fyrir börn úr húsinu, en á meðan á verkinu hafi staðið hafi hún verið ónot hæf (sem slík), ekki hafi heldur verið hægt að komast að þvottasnúrum á lóðinni. Loks hafi stefndur að verkinu loknu látið bera sand á lóðina í bleytu, vaðist hann upp og valdi óþrifnaði, en í þurrki fjúki hann sé nokkur gola. Kveður stefnanda, að stefndur hafi lagt gasleiðslu þessa yfir lóð hennar í algjörðu heimildarleysi og eigi hún því rétt á að hann taki þær burtu aftur og bæti henni jafnframt allt það tjón, og óþægindi, sem hún hafi hlotið af þessum verknaði hans. Hefir hún með stefnu, útgerfinni 2. nóv. f. á., höfðað mál þetta á hendur stefndum fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttumleitun og gert þær réttarkröfur, að stefndur verði dæmdur til þess að taka gaspípurnar úr lóð hennar, greiða henni hæfilegar bætur fyrir skemmdirnar á lóðinni eftir mati tveggja óvilhallra manna og kr. 200,00 fyrir óþægindi þau, sem aðfarir hans hafi bakað henni. Loks hefir stefnandi krafizt málskostnaðar hjá stefndum að skaðlausu.

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnöndu, krafizt sýknu af þeim og málskostnaðar hjá henni eftir mati réttarins. Byggir hann sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að máls höfðun þessari sé ranglega beint gegn honum. Heldur hann því fram, að hann hafi í upphafi snúið sér til gasstöðvarstjórans, með beiðni um innlagningu gass í hús sitt. Hafi síðan verið sendur innlagningarmaður frá gasstöðinni (en hún er eitt af fyrirtækjum Reykjavíkurbæjar) sem hafi ráðið öllu um framkvæmdir og fyrirkomulag verksins meðal annars því að leiðslan hafi verið lögð um lóð stefnöndu. Kveðst stefndur ekki hafa komið nærri verkinu að öðru leyti en því, að hann hafi útvegað menn til að grafa fyrir gaspípum og greitt fyrir uppgröftinn. Telur stefndur að af þessum ástæðum sé verkið ekki unnið á sína ábyrgð heldur gasstöðvarinnar og eigi hún því til sakar að svara hafi gasleiðslan verið lögð um lóð stefnöndu í heimildarleysi eða bakað henni tjón. Hefir stefndur leitt 2 verkamenn, sem unnu að greftrinum fyrir gaspípunum hjá honum sem vitni, og hafa þeir báðir borið það, að innlagningamaður frá gasstöðinni hafi sagt þeim fyrir um

framkvæmd verksins. Þá er það öllum vitanlegt að einstaklingum er óheimilt án tilhlutunar gasstöðvarinnar að leggja gasæðar við gasleiðslu bæjarins. Þykir réttinum því, að öllu þessu athuguðu, og með því að ekki er hægt eftir því, sem fyrir liggur að skera með vissu úr um það hver ábyrgðina beri á umræddu verki, að rétt hafi verið að stefna gasstöðinni eða þeim, sem ber ábyrgð á henni inn í mál þetta til þess að gæta réttar síns. En þar sem það hefir ekki verið gert þykir verða að vísa málinu frá ex officio. Eftir atvikum verður málskostnaður að falla niður.

Föstudaginn 3. maí 1935.

Nr. 104/1934. Guðbjörg Pálsdóttir og Marel Magnússon (Eggert Claessen)
 gegn

Margréti Halldórsdóttur
 (Guðm. Ólafsson).

Krafa barnsmóður um afhendingu barns hennar eigi tekin til greina gegn yfirlýstu samþykki hennar til fósturforeldra barnsins um að þau mættu taka það og halda því sem sínu eigin.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 2. júní 1934: Stefnð Guðbjörg Pálsdóttir og Marel Magnússon skulu afhenda stefnöndu, Margréti I. Halldórsdóttur, barn hennar, Ernu Dóru, og viðurkennist foreldravald stefnöndu yfir nefndu barni. Stefnð greiði stefnöndu kr. 75,00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa krafizt þess, að *allega*, að hinn áfrýjaði dómur væri ómerktur og að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en *til vara*, að þau verði